

Veirufárið, rannsóknir og réttlæti

Stjórnvöld og heilbrigðisyfirvöld sameinuðust í stríði gegn heilbrigði lýðsins og atvinnuvegunum. Heilbrigðisyfirvöld kynda stöðugt undir áróðrinum um hættuleysi og gagnsemi bóluefna. Samtímis sýnir fjöldi óháðra rannsókna hið gagnstæða.

Sífelld kemur svik og fúsk lyfjafyrirtækjanna betur í ljós. Þegar í upphafi var þó tiltölulega auðvelt að sjá í gegnum fúskið; ótæk rannsóknarframvinda, upplausn viðmiðunarhópa, meingallað val rannsóknahópa, frávísun fórnarlamba, þöggun meinviðbragða, brengluð talnaúrvinnsla og framsetning, og lítt hamdar alhæfingar.

Þetta hefðu allir með lágmarks vísindamenntun á heilbrigðissviði getað séð, stæði hugur til þess á annað borð. Það ættu þeir sömu að geta lesið út úr þeim gögnum, sem t.d. Pfizer og Lyfjastofnun Bandaríkjanna, hafa neyðst til að opinbera, en stóð til að halda leyndum í áratugi.

Aukin heldur hljómuðu varúðarbjöllur snemma í faraldrinum, bæði með tilliti til tilurðar og eðlis veirunnar, félagslegra og sálrænna aðgerða, svo og grímunotkunar. Heilbrigðisstarfsmenn – mest þó land- og sóttvarnalæknir - hristu bara hausinn og gera enn.

Aðgerðirnar, sem gripið var til, minna um margt á sálrænar pyndingar. Sefjun, einangrun, fjarlægð, snertingarbann, skerðing eða útlökun áreita, og sjálfviljug aðþrenging eða meiðing, eru dæmi um slíkt – ekki síst grímunotkunin, sem truflaði stórkostlega boðskipti og samveru, auk þess að valda öndunarerfiðleikum og skertum þroska barna. Í nýlegum rannsóknum hefur afleiðingum grímunotkunar verið gefið nafnið „grímu-örmögnunar-heilkennið“ (**Mask-Induced Exhaustion Syndrome**).

Slíkum pyndingum var t.d. beitt í fangelsi Bandaríkjanna í Írak (Abu Ghraib) og á Kúbu (Guantánamo Bay). Nú hefur samfélaginu öllu verið umbreytt í fangelsi í veirustríðinu.

Það virðist vera undirbúningur fyrir að hneppa íbúa í stundarfjórðungs-snjallborgafangelsin, sem þegar er kominn vísir að í Bretlandi. Snjallborgafangelsi er það vistarband, sem hindrar fólk í að hreyfa sig lengra, en sem nemur

stundarfjórðungsferðalagi. Vistarbandið, þ.e. bann við vistaskiptum landbúnaðarverkafólks, er nú gengið í endurnýjun lífdaganna í nýrri mynd.

En nú verða þær raddir háværi, sem krefjast rannsókna á því, sem annað tveggja er vanhæfi/andvaraleysi eða meinfýsi ofangreindra yfirvalda. Nú þegar eru í undirbúningi eða standa yfir réttarhöld í Taílandi, Florida, Utah, Noregi og nú einnig í Þýskaland. Sums staðar hefur bólusetning, sem Landlæknir Íslendinga hvetur fólk til að þiggja, verið bönnuð.

Ríkisstjórn og embættismenn verður að sækja til saka. Annað væri óréttlæti af verstu gerð og lýðræðisháð.

<https://frettin.is/2023/02/21/alrikisdomari-i-new-york-stodvadi-lagasetningu-um-hatursordraedu/>

<https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/33475571/>

<https://propagandainfocus.com/wall-street-the-nazis-and-the-crimes-of-the-deep-state/>

<https://greenmedinfo.com/blog/alert-meta-analysis-65-studies-reveals-face-masks-induce-mask-induced-exhaustion->

<https://brownstone.org/articles/why-mask-mandates-should-be-immediately-banned/>

<https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/33923935/>

<https://www.theguardian.com/world/2013/may/04/open-letter-former-guantanamo-prisoners>

<https://propagandainfocus.com/the-covid-19-concoction-a-recipe-for-successful-psychological-operations/>

<https://www.hartgroup.org/did-boosters-save-lives-in-europe/>

<https://childrenshealthdefense.eu/eu-issues/emas-failure-to-pull-covid-19-jabs-even-though-risk-benefit-balance-nullified/>

<https://twitter.com/FaithBasedLogic/status/1627137997224263680>

<https://soniaelijah.substack.com/p/eu-safety-report-on-pfizer-biontech>

<https://www.hartgroup.org/what-have-viruses-and-vaccines-got-to-do-with-the-heart/>

<https://www.hartgroup.org/fauci-confesses-that-covid-vaccines-could-never-have-worked-as-claimed/>

<https://brownstone.org/articles/how-new-zealand-dealt-with-disinformation/>

<https://brownstone.org/articles/what-happened-at-georgetown-law-with-covid/>

<https://brownstone.org/articles/the-unforgivable-sin/>

<https://brownstone.org/articles/vaccine-harms-are-biodefense-plans-collateral-damage/>

<https://brownstone.org/articles/fall-of-a-scottish-tyrant/>

<https://brownstone.org/articles/focused-protection-jay-bhattacharya-sunetra-gupta-and-martin-kulldorff/>

https://steigan.no/2023/02/tysk-presse-diskuterer-svindel-i-forbindelse-med-uttesting-av-pfizer-vaksiner-vil-det-komme-et-covid-oppgjor/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://igorchudov.substack.com/p/german-press-discusses-pfizer-vaccine>

<http://igor.chudov.com/tmp/Die-Welt.pdf>

<https://archive.md/m3snl>